



Borgarstjórn Reykjavíkurborgar  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Dagsetning  
Málsnúmer

1. október 2024  
IRN24010001

## Ársreikningur 2023

Í VIII. kafla sveitarstjórnarlaga er fjallað um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og hlutverk eftirlitsnefndar. 79. gr. laganna kveður á um að Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) skuli fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum.

Þrátt fyrir að bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem fram kemur að sveitarstjórn sé heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu út árið 2025 vill EFS benda sveitarstjórn á að árið 2026 þarf að uppfylla framangreind skilyrði. Jafnframt er bent á að önnur lágmarksviðmið nefndarinnar um fjármál sveitarfélaga eru í fullu gildi.

Með hliðsjón af ofangreindu hefur EFS nú yfirfarið ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 ásamt skýrslu endurskoðanda. Samkvæmt ársreikningnum hefði sveitarfélagið ekki uppfyllt þau lágmarksviðmið sem kveðið er á um í lögum, væru þau virk né heldur lágmarksviðmið EFS líkt og sjá má rauðlitað í neðangreindri töflu.

### Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga (vikið úr gildi út árið 2025)

Mælikvarði	Viðmið	Ársreikningur 2023
Jafnvægisregla (m.kr.)	> 0	26.038
Skuldaviðmið skv. reglugerð	< 150%	158%

### Önnur viðmið eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (A-hluti)

Mælikvarði	Viðmið	Ársreikningur 2023
Rekstrarniðurstaða 2023 (m.kr.)	> 0	-4.969
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við rekstrartekjur <sup>1</sup>	> 4,1%	6,5%
Framlegð í hlutfalli við rekstrartekjur <sup>2</sup>	> 8,2%	4,5%
Skuldahlutfall A-hluta	<100%	113%

<sup>1</sup>Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélga miðar við að veltufé frá rekstri sé að lágmarki 5% af skuldum skv. skuldaviðmiði A-hluta

<sup>2</sup>Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga miðar við að framlegð sé að lágmarki 10% af skuldum skv. skuldaviðmiði A-hluta

Eftirlitsnefndin leggur áherslu á það við borgarstjórn að nú þegar verði leitað leiða til þess að uppfylla lágmarksviðmið nefndarinnar og hugað sé sérstaklega að því að fyrir árið 2026 verði lögfest lágmarksskilyrði uppfyllt.

Borgarstjórn ber ábyrgð á fjárhag sveitarfélags og skal gera EFS viðvart telji hún að fjármál sveitarfélags eða einstakar fjárhagslegar ráðstafanir séu ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni. Borgarstjórn er jafnframt hvött til þess að hafa samband við EFS óski hún eftir upplýsingum eða leiðbeiningum.

Eftirlitsnefndin óskar eftir að bréfið verði lagt fyrir í borgarstjórn til kynningar og þess getið í fundargerð.

F.h. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Þórir Ólafsson  
formaður

Árni Sverrir Hafsteinsson